Nd. **372. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

1. Við 9. gr. Á eftir orðunum „enda sé hann eigi haldinn af alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi“ í 1. málslið greinarinnar komi: og eigi rétt til hlunninda samkv. lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.
2. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

   31. gr. laganna orðist svo:

   Leita skal staðfestingar Tryggingarstofnunar ríkisins á samningum sjúkrasamlaga við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæðum 30. gr.

   Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um slíkar greiðslur, ef hlutaðeigandi samlag óskar þess. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti sem ósamið verður við tryggingarlækna, er stjórn sjúkrasamlagsins heimilt að greiða læknishjálp meðlimum samlagsins eftir reglum, sem Tryggingarstofnun ríkisins setur, jafnvel þótt slík greiðsla nægi ekki til að standa straum af þeim kostnaði öllum.
3. Við 39. gr. Í stað stafliðanna a og b komi stafliður a, svo hljóðandi:

   1. málsgr. 81. gr. laganna, sem verður 82. gr., orðist svo:

   Þegar umsóknarfrestur er liðinn, skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir taka umsóknirnar til úrskurðar, og skal ákveða þeim gamalmennum ellilaun, sem að dómi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar teljast hafa þeirra þörf, og jafnframt ákveða, hve há ellilaun skuli vera til hvers einstaklings, enda er jafnan skylt að veita öllum þeim gamalmennum ellilaun, sem sanna með umsókn sinni, að þau geti ekki komizt af án opinbers styrks, og skulu ellilaunin ákveðin svo há, með hliðsjón af meðalframfærslukostnaði í byggðarlaginu, að þau séu nægilegur lífeyrir, og að sá, sem ellilauna nýtur, þurfi ekki jafnframt að leita framfærslustyrks.

   Stafliður c verður stafliður b.